

ÁKVÖRÐUN nr. 176**2002/EES/03/26****frá 24. júní 1999**

**um endurgreiðslu þar til bærrar stofnunar aðildarrikis á kostnaði sem stofnað er til á meðan dvalist er í öðru aðildarriki í samræmi við málsmæðferðina sem um getur í 4. mgr.
34. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 (96/249/EB) (*)**

(2000/582/EB)

FRAMKVÆMDARÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglна gagnvart launþegum og fjölskyldum þeirra sem flytjast á milli aðildarrikja (¹), en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um allt er lýtur að framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og reglugerðar (EBE) nr. 574/72,

með hliðsjón af 4. mgr. 34. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Það er í verkahring þar til bærrar stofnunar að hefja málsmæðferð sem um getur í 4. mgr. 34. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72.
- 2) Þessi málsmæðferð felur í sér einföldun stjórnsýslu og stuðlar að skjótri endurgreiðslu sem er hinum tryggða í hag.
- 3) Því er ráðlegt að auka möguleika á skírskotun til þessarar málsmæðferðar og að hækka hámarksþórk ein og kveðið er á um í ákvörðun nr. 161 frá 15. febrúar 1996 og síðan komi ný ákvörðun í stað þeirrar ákvörðunar.
- 4) Ákvörðunin er tekin á grundvelli 3. mgr. 80. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. Ákvæði 4. mgr. 34. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 skulu aðeins gilda ef heildarfjárhæð kostnaðar, sem stofnað er til við tímabundna dvöl, er lægri eða jöfn fjárhæðinni sem er ákveðin af hverju aðildarriki, þó ekki hærri en 1 000 evrur.
2. Við beitingu ákvæðanna, sem um getur í 1. lið, skal fjárhæð kostnaðar, sem stofnað er til, breytt, ef þörf krefur, í gengið sem er í gildi þann mánuð sem endurgreiðslan fer fram.
3. Þessi ákvörðun, sem kemur í stað ákvörðunar nr. 161, öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Arno BOKELOH

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjóð. EB L 243, 28.9.2000, bls. 42, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2001 frá 30. mars 2001 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 30, 14.6.2001, bls. 16.

(¹) Stjóð. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2.